

 **TUNNAN** PRENTÞJÓNUSTA  
tunnan@tunnan.is  
Sími: 467 - 1288

 **Fasteignasala í Fjallabyggð**  
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ  
Arndís Erla Jónsdóttir  
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalegfræðingur  
Sí: 690-7282  
arndis@fasteignamidun.is  
13. tbl. 37. árg. 9. apríl 2025

# Kyrrðarstund í Siglufjarðarkirkju



Kyrrðarstund verður í Siglufjarðarkirkju á föstudagskvöld, 11. apríl, kl. 20.00.

Tilfnið er hin mörgu áföll sem dunið hafa á byggðarlagi okkar að undanförmu.

Stundin verður í umsjá Sigurðar Ægissonar sóknarprests, Önnu Huldu Júlíusdóttur djákna og Ave Kara Sillaots organista, sem leika mun tónlist á milli stuttra lestra.

Verið hjartanlega velkomin.

Sigurður Ægisson

Anna Hulda Júlíusdóttir

Ave Kara Sillaots



## OPNUNARTÍMI

**Breyttur opnunartími á heilsugæslustöðinni á Ólafsfirði.**

Vegna óviðráðanlegra orsaka breytist opnunartími heilsugæslunnar á Ólafsfirði frá og með 14. apríl í óákveðinn tíma. **Opið verður frá kl 8-12**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.  
ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

Til leigu íbúð á Siglufirði.- Upplýsingar í síma 866-1445.

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

# Jóhann Helgason

(Jói í Syðstabæ)

Vesturgötu 14 í Ólafsfirði

lést á Sjúkrahúsinu á Siglufirði 1. apríl sl.  
eftir erfið veikindi, umvafinn ást og hlýju.

Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju  
miðvikudaginn 16. apríl næstkomandi kl. 13:30.



Þeir sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.  
Sérstakar þakkir fær starfsfólk HSN á Siglufirði fyrir einstaka umönnun, virðingu og kærleik.


**Aðalbjörg Ólafsdóttir - Ríkharð Lúðvíksson**

**Magnús Guðmundur Ólafsson - Agnes Númadóttir**

**Helgi Jóhannsson - Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir**

**Guðrún Pálína Jóhannsdóttir - Kristinn Bogi Antonsson**

**og fjölskyldur.**



## Pizzabakarinn

Aðalbakarinn kynnir  
opnun Pizzabakarans.  
Opnun fimmtudaginn  
10. apríl kl. 18:00.

Rjúkandi heit  
opnunartilboð.

Aðalgata 26. S.4671720

## Við leitum að starfsfólki á Olís

### Atvinna

Lífsreynsla, aldur og þroski eru engin fyrirstaða fyrir ráðningu í störf hjá okkur og við hvetjum jafnt ungt fólk sem eldra til að sækja um.

Olís Siglufirði leitar að traustu starfsfólki á seinnipartsvaktir og um helgar. Vinnutími er virka daga 16:00 - 20:00 og um helgar frá 10:00 - 20:00. Möguleiki á fullri vinnu í sumar en þá til 21:00 á kvöldin.

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfyllingar vöru í verslun
- Þrif og annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir berist a sigloben@olis.is eða til verslunarstjóra á Olís Siglufirði. Umsóknir skilist í gegnum vefform 50skills með því að skanna QR kóðann hér að neðan.**



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.



**olis**



# Tilkynning frá Norðurorku: Borun nýrrar vinnsluholu í Ólafsfirði

Á næstu vikum hefst borun nýrrar vinnsluholu í Ólafsfirði. Framkvæmdin er mikilvægt skref í áformum Norðurorku um að tryggja heimilum og fyrirtækjum á svæðinu stöðuga og áreiðanlega hitaveitu um ókomin ár. Ef verkið gengur eftir áætlun er gert ráð fyrir að holan verði virkjuð í lok árs 2025 eða snemma árs 2026. Holan verður um 1000-1300 metra djúp og er staðsett í landi Ósbrekku, neðan við núverandi vinnsluholur, á bakka manngerðu tjarnarinnar vestan við gömlu flugbrautina.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða mun annast borunina og verður jarðborinn Sleipnir notaður við verkið. Flutningur borsins til Ólafsfjarðar er þegar hafinn, og áætlað er að borunin fari fram á tímabilinu frá apríl fram í júní. Unnið verður á vöktum allan sólarhringinn og því má gera ráð fyrir einhverju ónæði meðan á framkvæmdum stendur.

Við borunina verður notað vatn úr læk ofan við borplanið, og verður umhverfisvæn borsápa notuð sem hjálparefni. Sápan myndar froðu sem gæti sést í nágrenni borsvæðisins en tekið skal fram að efnið er ekki skaðlegt umhverfinu.

**Norðurorka biðlar til bæjarbúa um að sýna þolinmæði og skilning meðan á framkvæmdunum stendur og þakkar fyrirfram fyrir samstarfið.**

*Mynd: Árni Árnason, fyrrv. yfirvélfræðingur hjá Norðurorku.  
Jarðborinn Sleipnir borar holu HJ-19 á Hjalteyri 2002.*